



Lúxemborg, 26. júlí 2016

## FRÉTTATILKYNNING 07/2016

### Dómur í máli E-28/15 *Yankuba Jabbi* gegn norska ríkinu, áfrýjunarnefnd útlendingamála í fyrirsvari

#### AFLEIDDUR RÉTTUR TIL DVALAR Í HEIMARÍKI EES-BORGARA

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Héraðsdómi Oslóar um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna (tilskipunin).

Yankuba Jabbi (stefnandi) er gambískur ríkisborgari. Í febrúar 2012 kvæntist hann Inger Johanne Martinsen Amoh, norskum ríkisborgara, á Spáni. Þau dvöldu saman á Spáni frá september 2011 til október 2012, er eiginkona stefnanda snéri heim til Noregs. Í nóvember 2012 sótti stefnandi um dvalarleyfi í Noregi á grundvelli þess að hann væri maki EES-borgara. Var umsókn hans hafnað af norskum stjórnvöldum. Af því tilefni höfðaði stefnandi mál fyrir Héraðsdómi Oslóar. Hann heldur því fram að hann hafi afleiddan rétt til dvalar í Noregi vegna dvalar eiginkonu hans á Spáni þar til hún snéri aftur til Noregs. Héraðsdómur Oslóar bar þá spurningu fyrir EFTA-dómstóllinn hvort ákvæði b-liðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, með hliðsjón af 2. mgr. hennar, veiti einstaklingi, sem ekki er sjálfur ríkisborgari EES-ríkis en er aðstandandi slíks ríkisborgara, afleiddan rétt til dvalar í þeim tilvikum þar sem EES-borgarinn hefur að nýju tekið upp búsetu í því EES-ríki þar sem viðkomandi er ríkisborgari, í kjölfar þess að hafa dvalist í öðru EES-ríki.

EFTA-dómstóllinn benti á að samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, njóti EES-borgarar réttar til að dvelja á yfirráðasvæði annars EES-ríkis lengur en í þrjá mánuði hafi þeir annars vegar nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiríkinu á dvalartímabilinu og hins vegar fullnægjandi sjúkratryggingu í gistiríkinu. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar nái slíkur dvalarréttur til aðstandenda, sem ekki eru ríkisborgarar í EES-ríki, fylgi þeir EES-borgaranum til gistiríkisins eða komi til hans þangað.

Einnig kom fram að rétturinn til dvalar gildi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis. Með vísan til niðurstöðu sinnar í máli *Atla Gunnarssonar* (mál nr. E-26/13) komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að heimaríki væri óheimilt að hindra ríkisborgara sína í að flytja til annars EES-ríkis er þeir nýttu sér rétt sinn til frjálsrar farar á grundvelli EES-réttar. Réttur til frjálsrar farar frá einu EES-ríki til annars á grundvelli b-liðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar yrði ekki tryggður ef unnt væri að hindra EES-borgara í að nýta sér þann rétt með því að takmarka réttindi maka sem ekki væri ríkisborgari í EES-ríki til dvalar í heimaríki EES-borgarans. Að þessu virtu giltu ákvæði tilskipunarinnar með lögjöfnun um þau tilvik þegar EES-borgari snéri aftur til heimaríkis ásamt aðstandanda sem ekki væri ríkisborgari EES-ríkis.

Á hinn bóginn tók dómstóllinn fram að framangreind dvalarréttindi væru skilyrðum háð. Til viðbótar við áskilnað um nægjanlegt fjármagn og að viðkomandi hefði fullnægjandi heilbrigðistryggingu, yrði EES-borgarinn sem um ræddi að hafa dvalið í gistiríkinu samfelld um tíma sem væri lengri en þrjú mánuðir áður en hann snéri aftur til heimaríkis síns. Enn fremur væri EES-ríki heimilt að sýnja um slík afleidd réttindi til dvalar í tilvikum þar sem réttindi hefðu

verið misnotuð eða svikum hefði verið beitt, svo sem þegar um væri að ræða málamyndahjónabönd. Loks væri heimilt að takmarka réttindi á grundvelli tilskipunarinnar með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.